

92

6. júní

6. gr.

Vöxtum þeim, sem útborgaðir eru á ári hverju, skulu stjórnendurnir verja sumpart til að kaupa lagleg fót handa börnum fátækra manna innan 12 ára aldurs og sumpart til að kaupa bækur handa börnum og ungmönnum frá 12 til fullra 16 ára, og sjeu bækurnar við hæfi þeirra og ekki skyldunámsbækur.

Stofendur óskuðu þess að undirritaður setti ákvæði um sjóð þennan og úthlutun á vöxtum af honum, og samkvæmt því er skipulagsskrá þessi gjörð.

Stóra-Núpi, 6. júní 1918.

*Valdimar Briem.*

93

5. sept. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð síra Jóns Eiríkssonar og Guðrúnar Pálsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 5. september 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

**fyrir Minningarsjóð sjera Jóns Eiríkssonar og Guðrúnar Pálsdóttur.**

1. gr.

Afkomendur síra Jóns Eiríkssonar, síðast prests á Stóra-Núpi (d. 1887) og konu hans, Guðrúnar Pálsdóttur, stofna sjóð á 100 ára afmælisdegi hennar, 10. júní 1917, og skal hann heita: Minningarsjóður sjera Jóns Eiríkssonar og Guðrúnar Pálsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn nemur í upphafi 400 krónum og eykst hann auk vaxta af gjöf-

um og áheimum frá afkomendum þessara hjóna, svo og af minningargjöfum um **93**  
 þá látinu; enn fremur af endurgreiðslum samkvæmt 5. gr. 5. sept.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Landsbanka Íslands, sparisjóði bankans og veð-  
 deildarbrjefum eða öðrum verðbrjefum trygðum af landssjóði, þegar sjóðurinn  
 nemur nógu stórru upphæð til þess.

### 4. gr.

Fyrsta veiting úr sjóðnum skal fara fram, þegar vextir nema 200 kr.;  
 þaðan af skal árlega veita helming vaxta. En er ársvextir nema 400 kr., skal  
 árlega veita  $\frac{3}{4}$  vaxta og svo jafnan síðan.

Framan af skulu allar veitingar úr sjóðnum veittar bágstöddum sjúkling-  
 um, er leita sjer lækningar í Landsspítala Íslands eða aðalsjúkrahúsi Reykjavík-  
 ur, ef hann er þá eigi reistur. En þegar það, er til úthlutunar kemur, nemur  
 800 kr., skal verja 400 kr. á ári til námsstyrks utan lands eða innan handa efni-  
 legum og efnalausum manni, og skal sá, er leggur fyrir sig starf, er litur að  
 líkna starfi, hafa forgangsriett meðan ekki verður úthlutað nema einum náms-  
 styrk árlega. Veita má sama manni fleiri ár en eitt, ef hann sýnir sig þess  
 maklegan og þarf þess við. Það, sem afgangs verður námsstyrknum, skal eins  
 og áður varið til styrktar bágstöddum sjúklingum, uns til úthlutunar kemur svo  
 mikið, að auk 400 kr. til styrktar sjúklingum megi styrkja 2 menn til náms,  
 hvorn með 400 kr. Skal það þá gert og svo koll af kolli.

Afkomendur minningarhjónanna skulu hafa forgangsriett til styrkveit-  
 inga að öðru jöfnu.

### 5. gr.

Styrkveitingar úr sjóði þessum skulu ekki vera gjafir, heldur lán, þ. e.  
 styrkþegar undirgangast, við það að fá styrkiun, að endurgreiða hann sjóðnum  
 vaxtalaust, í einu eða smátt og smátt, þegar þeir sjá sjer fært. Þó skal enginn  
 krafinn um endurgreiðslu hvorki fyr nje síðar.

### 6. gr.

Verði sjóður þessi einhvern tíma svo öflugur, að hann geti, að dómi lands-  
 stjórnar eða ættingjanna, komið upp einhverri þarfri líkna stofnun, tilnefnir lands-  
 stjórnin 5 menn innan ættarinnar og heimilast þeim að ráðstafa sjóðnum á þá  
 leið, ef þeir telja það æskilegt. Þó er það skilyrði, að stofnun sú, er sjóðurinn  
 kann að renna til, beri nafn minningarhjónanna.

Stjórn sjóðsins og endurskoðun sjóðsreikningsins hafa á hendi 6 menn, einn fyrir hvert barn minningarhjóðanna, sem nú á afkomendur á lífi, og þann ættlegg, sem af því er kominn. Í fyrsta sinn hefir ættingjanefndin, sem gekst fyrir sjóðstofnuninni, skipað þessa 6 menn, og gildir skipun þeirra æfilangt, nema veikindi eða aðrar hömlur bagi, er sjóðsstjórnin telur gildar. Þá er fulltrúi deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, kys sá ættleggur, er mist hefir fulltrúann, sjer fulltrúa að nýju og tilkynnir kosninguna stjórn sjóðsins.

Fjórir þessara manna skulu vera stjórnendur sjóðsins, en tveir endurskoðendur, kosnir á fundi fulltrúanna með hlutkesti úr hóp þeirra. Þó heimilast, að stjórnarformaður og endurskoðandi skifti á starfi, ef öllum hinum fulltrúunum er umhugað um, að annarhvor gegni ákveðnu starfi. Í hvert skifti, sem nýr fulltrúi bætist í hópinn, skulu endurskoðendur kosnir að nýju með hlutkesti eins og áður er sagt.

Stjórnin skiftir með sjer störfum og heldur fundi, þegar til veitinga kemur úr sjóðnum, eigi sjaldnar en einu sinni á ári, en þangað til að eins þegar til efni er til. Á fundum stjórnarinnar ræður afl atkvæða, en sjeu jöfn atkvæði, ræður hlutkesti. Reikning sjóðsins skal birta árlega með athugasemdum endurskoðenda í einhverju aðalblaðanna. Við gjafir í sjóðinn, veitingar úr honum eða endurgreiðslur skal geta nafns og upphæðar í reikningnum.

Stjórn sjóðsins og endurskoðendur starfa kauplaust.

Verði ættleggur aldauda, eða hafi ættleggur eigi ári eftir fráfall fulltrúa síns kosið sjer nýjan fulltrúa, skal stjórnin heimila þeim ættlegg, sem mest hefir lagt til sjóðsins síðasta áratuginn, að kjósa sjer aukafulltrúa í stað þess fulltrúa, er úr gengur. Þó skal enginn ættleggur hafa fleiri fulltrúa en tvo, meðan að minsta kosti þrír ættleggir lifa, sem eigi hafa fyrirgert kosningarrjetti. Verði að eins tveir ættleggir eftir, kjósa þeir þrjá fulltrúa hvor.

Að 25 árum liðnum skal þáverandi stjórn sjóðsins bjóða landsstjórninni að taka við sjóðnum, en kjósi landsstjórnin þá heldur, að hann verði í höndum ættarinnar, stýrir hún honum áfram. En jafnan skal á 25 ára fresti bjóða hann landsstjórninni.

Taki landsstjórnin einhvern tíma við sjóðnum, kemur í stað þessarar 7. greinar ný grein, er svo hljóðar:

Landsstjórnin stýrir sjóðnum og annast veitingar úr honum, en falið getur hún einum eða fleirum mönnum innan ættarinnar að taka við gjöfum til sjóðsins samkvæmt 2. gr., svo og við endurgreiðslum samkvæmt 5. gr. Gerir hann eða þeir skil á hverju ári og skal birta í einhverju aðalblaðanna skrá yfir gjafirnar. Reikning sjóðsins skal gera árlega og birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Við veitingar úr sjóðnum eða endurgreiðslu skal geta nafns og upphæðar í **93**  
reikningnum. 5. sept.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. júní 1917.

*Olafur Jónsson. Jón Ófeigsson. Páll Stefánsson. Stefán Sigurðsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Blómsveigasjóð Karlottu **94**  
Pálsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð- 5. sept.  
herra Íslands 5. september 1918.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

**fyrir Blómsveigasjóð Karlottu Pálsdóttur.**

1. gr.

Sjóðurinn skal heita: Blómsveigasjóður Karlottu Pálsdóttur, og er stofn-  
aður af foreldrum hennar, Páli Sigurðssyni og Aðalheiði Jóhannesdóttur, með kr.  
100,00 — eitt hundrað krónum — á dánardag Karlottu h. 25. jan. 1917. Tekjur  
sjóðsins er ætlast til að sjeu gjafir, er komi í stað líkkransa, svo og aðrar gjafir  
og áheit frá þeim, er styrkja vilja tilgang sjóðsins. Sjóðurinn ávaxtist í Spari-  
sjóði Húsavíkur, eða í annari jafntryggri lánsstofnun.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga úr Húsavíkurhreppi,  
er þurfa að leita sjer læknishjálpar. Að öðru jöfnu skulu ávalt sitja fyrir styrkn-